

## Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

### Óveruleg breyting – svæði fyrir frístundahús í Aðalvík

#### 4. janúar 2017

#### Inngangur

Aðalskipulagsbreytingin er í samræmi við 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og telst því óveruleg. Tillagan felur í sér lítilsháttar breytingu á greinargerð gildandi aðalskipulags en skipulagsuppráttur helst óbreyttur. Gildandi aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 4.2.2010 og staðfest af umhverfisráðherra þann 31.3.2010.

#### Ástæður breytingar

Jörðin Sæborg í Aðalvík er hvergi nefnd í greinargerð gildandi aðalskipulags. Það er þó ljóst af greinargerðinni að jörðin hefur átt að tilheyra svæði F14, eins og jörðin Garðar sem Sæborg var stofnuð út úr 1936. Í greinargerðinni er tekið fram að 12 hús standi á svæðinu í dag og eru húsin tvö í landi Sæborgar greinilega talin með öðrum húsum á svæði F14. Þá er svæðið vitlaust númerað í gildandi aðalskipulagi. Breytingunni er ætlað að laga þessi mistök.

#### Áhrif

Leiðrétt eru mistök í gildandi aðalskipulagi en engin áhrif eru á landnotkun.

#### Breyting


Með aðalskipulagsbreytingunni breytist númer svæðisins úr F14 í F41 og jörðinni er bætt við þær tvær sem fyrir eru. Uppdrátturinn breytist ekki og aðalskipulagið helst að öðru leiti óbreytt og öll ákvæði þess gilda áfram eftir breytinguna.

**Tafla 1. Gildandi aðalskipulag – úr töflu 7.19 Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ.**

Svæði	Ákvæði
F6 - Látrar, Aðalvík. Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 9 hús í dag. Allt að 12 ný hús. F14 - Sæból og Garðar, Aðalvík. Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 12 hús í dag. Allt að 3 ný hús.	Endurbýggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar, sbr. Töflu 7.12.  Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin.  Minjar frá því fyrir 1950 eru verndaðar sérstaklega.  Ekki skal spilla náttúruminum með byggingum og viðhalda skal landslagsheildum og líffræðilegum fjölbreytileika.  Framkvæmdir skulu nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.

**Tafla 2. Breytt aðalskipulag – úr töflu 7.19 Svæði fyrir frístundahús í Ísafjarðarbæ.**

Svæði	Ákvæði
F6 - Látrar, Aðalvík. Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 9 hús í dag. Allt að 12 ný hús. F41 – Sæból, Garðar og Sæborg, Aðalvík. Hornstrandafriðland. Aðliggjandi er óbyggt svæði. 12 hús í dag. Allt að 3 ný hús.	Endurbýggja má öll íbúðarhús og þjónustuhús sem búið var í eftir 1908. Hús byggð eftir 1965 teljast nýbyggingar. Ekkert verður byggt á jörðum sem eru í eigu ríkisins og/eða Ísafjarðarbæjar, sbr. Töflu 7.12.  Viðhalda skal ásýnd svæðisins eins og það var þegar það var í byggð. Útlit húsa skal taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á svæðinu. Frístundahús skulu staðsett í nágrenni við gömlu húsin.  Minjar frá því fyrir 1950 eru verndaðar sérstaklega.  Ekki skal spilla náttúruminum með byggingum og viðhalda skal landslagsheildum og líffræðilegum fjölbreytileika.  Framkvæmdir skulu nánar útfærðar í deiliskipulagi og greiningu á áhrifum, í samræmi við staðlaða matstöflu í viðauka aðalskipulagsins.



#### Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann \_\_\_\_\_

Afgreiðsla bæjarstjórnar var auglýst þann \_\_\_\_\_

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_